

borið undir Hans Hátign korunginn, að innanríkisstjórnin megi í 1854. umboði konungs löggilda þau hin íslenzku leiðarbrjef, sem um er 4. desemb. getið í 5. grein tjeðra laga, og hefur Hans Hátign allramildilegast þóknazt að fallast á þessa uppástungu og einnig, að leiðarbrjef þessi skuli vera svo látandi, sem greinir í formi því, sem fest er við auglýsing þessa. Þeir, sem vilja fá íslenzkt leiðarbrjef, skulu beiða þess brjeflega eitthvert af yfirvöldum þeim, sem nefnd eru í 5. grein í lögunum 15. apríl 1854, en viki þeir bón sinni til innanríkisstjórnarinnar, skal rita bónarbrjefið á stimplaðan pappír, 4. flokk Nr. 4; með brjefi þessu skal fylgja skýrsla frá útgjörðarmanni eða útgjörðarmönnum skipsins, um nafn skipsins, heimili þess og stærð og einnig um nafn skipstjóra, eins og krafizt er í 4. gr. laganna 15. apr. 1854, og skal skýrsla þessi vera staðfest, eins og fyrir er mælt í hinni 4. grein, sem þegar var nefnd.

24. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norð- 11. desemb. ur- og austurumdæminu, um hvarf nokkurra ís- lenzkra fiskimanna.

Vorið 1852 kom sá kvittur fyrir sýslumanninn í Eyjafirði, að árinu áður hefði orðið vart við nokkra háseta Snorra Flóvents-sonar, er hvarf við 10. mann vorið 1842; hefðu Flandrarar tekið þá, og farið með þá í Flandur og væru þeir nú hafðir til fiski-veiða undir Íslandi. Rannsakaði sýslumaður málið, og sendi síðan amtmaður það til stjórnarinnar, og beiddist að hún hlutaðist til, að grenzlazt yrði eptir mönnum þessum. Stjórnin skrifaði síðan erindisrekum sínum í útlöndum til, og bað þá að fá málið rann-sakað, einkum með því að láta gjöra skrá um alla þá menn, er verið höfðu það ár á skipum þeim, er nefnd voru í vitnis-burði þeirra manna, er þóttust hafa sjeð þessa Íslendinga, skrifa þar nöfn þeirra, fæðingarstað, foreldra o. s. frv. Stjórnin hefur nú fengið nákvæma skrá um þá, sem voru á skipunum *St. Michel* og *Eleonore* 1851, og sjest af henni, að enginn Íslend-ingur hefur þá verið á þessum skipum.